

Nd. 612. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til laga um Sinfóníuhljómssveit Íslands:

Frá Jóhanni Einvarðssyni, Árna Gunnarssyni, Garðari Sigurðssyni og
Jósef H. Þorgeirssyni.

1. Við 3. gr. 5. mgr. orðist svo:
Sinfóníuhljómssveitin skal kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi og stefna að því að eigi minna en 12% af útgjöldum hljómssveitarinnar fái greidd af slíkum tekjum.
2. Við 6. gr. 2. mgr. orðist svo:
Stjórnin ræður hljóðfæraleikara, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, allt að 65 stöðugildi. Aðra hljóðfæraleikara ræður stjórnin eftir því sem viðfangsefni krefjast, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra og innan þeirra marka sem fjárlög heimila, enda hafi viðfangsefnið verið samþykkt á fjárhagsáætlun.